

Viðauki við samstarfssamning

Ísafold - um rekstur hjúkrunarrýma á Ísafold.

Garðabær, kt. 570169-6109 og Sjómannadagsráð, kt. 570269-2679, gera með sér eftirfarandi viðauka við samstarfssamning um rekstur hjúkrunarrýma á Ísafold, dags. á þrettándanum 2017.

1. Garðabær samþykkir að greiða Sjómannadagsráði fullt húsnæðisgjald árin 2020 og 2021 eins og það er ákveðið samkvæmt leiguleiðinni eða 1,5% af stofnkostnaði húsnæðis. Gjaldið er kr. 26.398.359 m.v. vísitölu neysliverðs til verðtryggingar í janúar 2020.
2. Garðabær samþykkir að framlag vegna útreiknaðs launamunar, sbr. 11. mgr. 4. gr. samstarfssamnings, sem samkomulag er um að sé kr. 18.000.000, komi til greiðslu á árunum 2020 og 2021. Greiðsla vegna ársins 2020 skal innt af hendi 5. desember 2020 en greiðsla vegna ársins 2021 skal greidd mánaðarlega með jöfnum greiðslum eða kr. 1.500.000 á mánuði.
3. Garðabær samþykkir að taka að sér greiðslu kostnaðar við akstur dagdvalar Ísafoldar árin 2020 og 2021 sem áætlaður er kr. 6.000.000 á ári.
4. Aðilar eru sammála um að komi ekki til verulegra hækkunar daggjalda til hjúkrunarheimila á fyrri hluta ársins 2021 sé sýnt að heimilið verður áfram rekið með tapi og því ekki forsendur fyrir hvorugan aðila til að annast reksturinn.
5. Garðabær samþykkir að komi til uppsagnar á samstarfssamningi Garðabæjar og Sjómannadagsráðs um rekstur hjúkrunarrýma á Ísafold í júní 2021 á þeim forsendum sem fram koma í 4. tl. skuli uppsagnarfrestur vera 6 mánuðir.
6. Garðabær lýsir því yfir að óháð uppsögn samstarfssamnings um rekstur hjúkrunarrýma mun bærinn hefja viðræður við ríkið um það ábyrgist rekstur hjúkrunarheimilisins til framtíðar enda um að ræða öldrunarstofnun þar sem veita á hjúkrunar- og læknisþjónustu og endurhæfingu samkvæmt lögum um málefni aldraða nr. 125/1999

Til staðfestingar ofanrituðu er viðauki þessi undirritaður af formanni Sjómannadagsráðs, forstjóra Hrafnistu og bæjarstjóra Garðabæjar.

Garðabæ, 8. október 2020

Hálf dán Henryson,
formaður Sjómannadagsráðs.

María Fjóra Harðardóttir,
forstjóri Hrafnistu.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.